

## Inngangur

Sem liður í stefnumótun mennta- menningarmálaráðuneytisins fyrir leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla hafa verið skilgreindir fimm grunnþættir í menntun. Þeir eiga sér stoð í lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla og í annarri löggjöf þar sem kveðið er á um fræðslu í skólakerfinu. Eins má finna þessar áherslur í stefnu stjórvalda í ýmsum málaflokkum, alþjóðlegum samningum og stefnu alþjóðlegra stofnana sem Ísland er aðili að. Þessir grunnþættir eru:

### **Læsi í víðum skilningi**

#### **Lýðræði**

#### **Jafnrétti**

#### **Menntun til sjálfbærni**

#### **Skapandi starf**

Í nóvember 2009 voru stofnaðir fimm vinnuhópar til að skilgreina og afmarka grunnþætti menntastefnunnar. Þeir voru skipaðir sérfræðingum frá ráðuneyti, fræðimönum og starfandi kennurum.

Grunnþættirnir eiga að vera leiðarljos í almennri menntun í leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum. Þeir þurfa að vera sýnilegir í inntaki námsgreina og námssviða, ná til alls skólasamfélagsins og móta starfshætti og skólabrag.

Niðurstöður lágu fyrir í desember 2009 og hefur afraksturinn þegar verið nýttur við gerð Aðalnámskráar innan ráðuneytisins.

# Menntun til sjálfbærni

## Skilgreining<sup>1</sup>

Orðasambandið *sjálfbær þróun* eða *sjálfbær framtíð* er þýðing á enska orðasambandinu *sustainable development*. Hugtakið var fyrst skilgreint í svokallaðri Brundtland-skýrslu sem ber heitið *Sameiginleg framtíð okkar* (Our Common Future) og samin var árið 1987 undir forstu Gro Harlem Brundtland, fyrrum forsætisráðherra Noregs, að beiðni Sameinuðu þjóðanna.

Sjálfbær þróun lýsir breytingu á einhverju ferli en í sjálfbærni felst jafnvægisástand. Sjálfbærni merkir getu til þess að viðhalda ákveðnu ferli eða ástandi. Sjálfbær þróun er breytingaferlið þegar verið er að breyta þjóðfélagi (eða minni einingu) og færa það til sjálfbærni. Þar sem fá eða engin nútímasamfélög hafa náð því marki að verða sjálfbær er í þessari umfjöllun ekki gerður greinarmunur á menntun til sjálfbærni og menntun til sjálfbærrar þróunar. Sömu grundvallaratriðin eiga við um þá þekkingu, færni og viðhorf sem leggja þarf áherslu á. Starfshópurinn mælir þó með að notað verði hugtakið menntun til sjálfbærni þar sem stefnt er að sjálfbæru samfélagi en sjálfbær þróun er fremur leiðin að markinu.

Sjálfbær þróun leitast við að mæta þörfum samtíðarinnar án þess að skerða möguleika komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Sjálfbærni verður einungis náð með því að skilja að undirstöðuþættir hennar, þ.e. *efnahagur*, *samfélag* og *umhverfi*, eru samofnir. Ákvörðun sem virðist tengjast einum þætti hefur samtímis áhrif á hina þættina. Ákvörðunin að leitast við að viðhalda náttúruauðlindum tengist félagslegum jöfnuði, menntun fyrir alla, mannréttindum, fæðuöryggi, ofnýtingu náttúruauðlinda og mengun, svo dæmi sé tekið. Vellíðan manna og lífsgæði eru samtvinnuð sjálfbærri nýtingu umhverfis.

Menntun til sjálfbærni miðar að því að gera fólk kleift að takast á við viðfangsefni fyrrgreindra þátta, taka upplýstar ákvarðanir í þágu sjálfs sín og annarra og þjálfa lýðræðisleg vinnubrögð til framtíðar.

Í þessu tilliti hefur Mennta- og menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) útnefnt áratuginn frá 2005-2014 sem áratug menntunar til sjálfbærrar þróunar. Yfirlýst markmið með þessari útnefningu er að styðjast við hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar, stefnur og strauma. Gildi hennar í allri menntun og námi er að allir öðlist færni í því að takast á við þau úrlausnarefni sem við stöndum frammi fyrir í efnahags-, samfélags- og umhverfismálum á 21. öldinni.

<sup>1</sup> Í hópnum voru Kristín Vala Ragnarsdóttir, Helena Óladóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Allyson Macdonald, Björg Pétursdóttir, Guðni Olgeirsson.

## Menntun til sjálfbærni

Hefur það að markmiði að skapa samábyrgt þjóðfélag. Það felst í því að þroska hvern einstakling sem virkan borgara sem hefur þekkingu á og er meðvitaður um gildi, viðhorf og tilfinningar sínar gagnvart:

- hnattrænum áhrifum okkar og jafnræði allra jarðarbúa
- náttúru og umhverfi
- lýðræði, mannréttindum og réttlæti
- jafnrétti og fjölmenningu
- velferð og lýðheilsu
- efnahagsþróun og framtíðarsýn.

**Felur í sér** áherslu á virka einstaklinga í samfélagi þar sem námsvettvangur skapar möguleika fyrir sjálfbært samfélag. Virkir einstaklingar rökræða og taka gagnrýna afstöðu til siðferðislegra álitamála sem tengast umhverfi og náttúru. Til þess hafi þeir þekkingu, leikni og hæfni á fjölbreyttum sviðum sem sjái sér stað í verkum þeirra.

**Krefst** heildrænnar nálgunar þar sem tekið er tillit til allra þátta sjálfbærs samfélags með skilning á því að allt er hluti af einni jörð, s.s. nýting auðlinda, jafnvægi vistkerfa, líffræðilegur fjölbreytileiki, loftslag og velferð samfélaga. Samtímis krefst hún þess að allir skilji að það sem við gerum sem einstaklingar skiptir máli. Viðbrögð á heimaslóð skiptir ekki síður máli en þátttaka á heimsvisu.

Gefur kost á samspili og samvinnu einstaklinga innan og utan skólans við samfélag nær og fjær.

## Tenging við skólastarf

Menntun til sjálfbærni fer fram í gegnum líf og starf. Í skólakerfinu er mikilvægt að áhersla á sjálfbærni endurspeglist í öllu námi, formlegu sem óformlegu. Þannig lýtur menntun til sjálfbærni að þekkingu og þjálfun sem nemendur öðlast gegnum allar námsgreinar og skólastarf. Samtímis er mikilvægt að skólinn sé ekki eyland heldur sé áhersla lögð á sjálfbærni í samstarfi við foreldra og heimili jafnt sem samfélag nær og fjær. Virk þátttaka einstaklinganna er lykilstef.

Allt skólastarf einkennist af hugmyndafræði sjálfbærni, þ.e. starf byggt á siðfræðilegum gildum, virðingu og gagnrýnni hugsun gagnvart hnattrænum áhrifum okkar og jafnræði allra jarðarbúa, náttúru og umhverfi, lýðræði og réttlæti, jafnrétti og fjölmenningu, velferð og lýðheilsu, efnahagsþróun og framtíðarsýn. Auk þess er mikilvægt að þessir þættir séu virkjaðir í gegnum allar námsgreinar jafnt og samfagleg (cross-curricular) viðfangsefni.

Hver námsgrein nálgast sjálfbærnina á mismunandi hátt. Þannig taki allir þátt á sínu sviði og beri ábyrgð á umhverfi sínu óháð starfsvettvangi. Menntun til sjálfbærni tekur til þekkingar, leikni og hæfni. Þannig má námið ekki eingöngu taka til þekkingarmiðlunar heldur gefa kost á þjálfun í gegnum margskonar aðferðir. Sem dæmi getur heimilisfræði lagt áherslu á þekkingu og þjálfun í sjálfbærri neyslu og framleiðslu, svo sem uppruna og hollustu matvæla, umhverfisvottanir, umbúðir og önnur neytendamál. Nám í bifvélavirkjun getur til dæmis lagt áherslu þekkingu og þjálfun á umgengni um flúoreðar lofttegundir í kælibúnaði, förgun spilliefna og hagkvæmni við orkunýtni bifreiða. Nám í vistfræði getur tekur til þekkingar og skilnings á hringrás efna í náttúrunni og áhrifum á vistkerfi jarðarinnar auk þess að þjálfa vinnubrögð, virðingu og ábyrga umgengni. Stærðfræðinám getur þjálfað nemendur að reikna út vist- og sótspor, nám í efnafræði getur skoðað iðnferli byggða á náttúruferlum og svo mætti lengi telja.

## Dæmi um viðfangsefni

-Áhersla á grenndarsamfélagið:

- Grannamarkaðir (local markets)
- Kynnast starfsemi í grennd við skóla (fyrirtæki, iðnaður, ellihemili, barnahemili, söfn)
- Gaumgæfa staðblæ nánasta umhverfis, s.s. skipulag, lífsstíll, viðtöl við nágranna
- Útinám
- Halda náttúrudagbók, umhverfisdagbók, veðurdagbók – um hvaðeina í náttúru og umhverfi
- Vistfræðiverkefni, hringrásir í náttúrunni, ferlar í umhverfinu
- Huga að viðhaldi nánasta umhverfis, s.s. hreinsa rusl, safna og sá fræjum, gróðursetja, rækta matjurtir
- Tengja kynslóðir saman í gegn um hverfamiðuð verkefni, s.s. nemendur heimsækja gamla fólkioð, lesa fyrir yngri nemendur

-Sanngirnispottaðir skólar (Fair Trade Schools)

-Skólar á grænni grein - nemendur, kennrarar og skólastjórn eru þáttakendur í að reka skólann á umhverfisvænan máta

-Áhersla á að nýta landsins gæði í skólastarfi, t.d. til verkgreinakennslu, listsköpunar, matargerðar og tjáningar

-Stuðla að sjálfbærum samgöngum eftir því sem kostur er, t.d. að ganga eða hjóla í skólann, nýta almenningssamgöngur

-Vistspor, sótspor, orkuspor, skólagarðar, gróðurhús, sanngirnispottuð viðskipti (fair trade)

- Vistferilsgreiningar um t.d. föt, mat, heimsækja bón dabæi og garðyrkjustöðvar
- Dagar á vegum Sameinuðu þjóðanna, s.s. vatnadagur og umhverfisvottunardagur
- Gæði vatns, verkefni tengd Samorku
- Samvinna við skóla í þróunarlandi svo að allir verði meðvitaðir um hag annarra í heiminum
- Leikir fyrir öll skólastig – sjá dæmi <http://lindaboothsweeney.net/blog/?cat=11>
- Velferðarvísar – sjá t.d. <http://www4.hrsdc.gc.ca/h.4m.2@-eng.jsp>
- Kerfishugsun – sjá <http://lindaboothsweeney.net/blog/?cat=16>
- Embedded eða embodied eða virtual (innbyggt?) vatn, orka, jarðvegur  
[http://en.wikipedia.org/wiki/Embodied\\_energy](http://en.wikipedia.org/wiki/Embodied_energy)  
[http://en.wikipedia.org/wiki/Virtual\\_water](http://en.wikipedia.org/wiki/Virtual_water)

## Dæmi um ítarefni

*Gæðaviðmið skóla fyrir menntun til sjálfbærarar þróunar. Leiðarvísl um hvernig auka má gæði menntunar til sjálfbærarar þróunar.* GETA er rit til alþjóðlegrar umræðu frá SEED og ENSI samstarfsnetunum um skólapróoun í gegnum umhverfismennt, sjá  
[http://skrif.hi.is/geta/files/2009/02/gaedavidmid\\_-300408.pdf](http://skrif.hi.is/geta/files/2009/02/gaedavidmid_-300408.pdf)

Jarðarsáttmálinn LIVING PLANET REPORT 2 0 0 8 WWF For living planet.

<http://www.earthcharterinaction.org/content/>  
<http://www.earthcharterinaction.org/content/pages/Read-the-Charter.html>

Sir Ken Robinson – sköpun – [http://www.ted.com/talks/ken\\_robinson\\_says\\_schools\\_kill\\_creativity.html](http://www.ted.com/talks/ken_robinson_says_schools_kill_creativity.html)

## Lýðræði og mannréttindi

### Skilgreining<sup>2</sup>

Lýðræði gerir ráð fyrir að einstaklingar séu sjálfráðir um eigið líf og eigi möguleika á að taka virkan þátt í móton samfélagsins. Í lýðræðisríki er gert ráð fyrir að borgararnir búi við full mannréttindi og ráði auk þess öllum meiriháttar málum sínum sameiginlega. Því er forsenda lýðræðis samábyrgð, meðvitund og virkni borgaranna sem gerir þá færa um að taka þátt í að móta samfélag sitt og hafa áhrif nær og fjær.

Á vettvangi skóla hefur lýðræði tvenns konar mikilvægi. Í fyrsta lagi tekur skólinn mið af því að barna og ungmenna bíður að taka þátt í lýðræðissamfélagi. Í öðru lagi tekur hann mið af því í öllum starfsháttum að borin sé virðing fyrir manngildi hvers og eins.

Virðing fyrir manngildi barna og ungmenna felur bæði í sér virðingu fyrir mannréttindum þeirra og viðurkenningu á hæfileikum þeirra og þroskamöguleikum.

### Alþjóðlegar skuldbindingar

Að baki skilgreiningum og markmiðum um lýðræði og mannréttindi búa auk íslenskra laga og reglugerða ýmsar alþjóðlegar skuldbindingar sem Íslendingar hafa samþykkt. Samkvæmt þeim ber að veita börnum og ungmennum ýmsa fræðslu sem stendur utan hefðbundinna námsgreina. Má þar nefna 26. grein mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Ríóyfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í umhverfismálum frá 1992, Vínaryfirlýsinguna um mannréttindi frá 1993 og Salamanca yfirlýsinguna um skóla fyrir alla frá 1994.

### Tenging við skólastarf

Lýðræði og mannréttindi í menntun tekur mið af lögbundnu hlutverki skóla um að búa nemendur undir að lifa og starfa í lýðræðisþjóðfélagi og rækta með nemendum lífsgildi sem samstaða er um, m.a. sjálfsvirðingu og virðingu fyrir manngildi hvers og eins. Þessi hlutverk tvinnast að sjálfsögðu saman. Hlutverk þessi vísa til starfsháttu í skólum og miða að því að efla lýðræðislegt samstarf, sjálfstæða og gagnrýna hugsun og viðurkenningu á félagslegum, menningarlegum og einstaklingsbundnum margbreytileika.

Hlutverk uppalenda, foreldra, kennara og allra þeirra sem eru með ungu fólk i er að búa það undir að taka virkan þátt í að móta samfélagið. Það gera þeir meðal annars með því að efla skilning þeirra á þeim gildum sem lögð eru til grundvallar lýðræðislegu samfélagi.

<sup>2</sup> Í hópnum voru Sigrún Aðalbjarnardóttir, Ólafur Páll Jónsson, Águst Þór Árnason, Hildur Skarphéðinsdóttir, Kristín Sætran og Sesselja Snævarr.

Í menntalöggjöfinni er lögð áhersla á að nemendur læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði. Þetta felur í fyrsta lagi í sér að skólinn verði að vera lýðræðislegur og í öðru lagi að hann mennti nemendur til þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Lýðræði og mannréttindi í menntun eru ekki bundin við eina námsgrein þó líta megi á samfélagsgreinar og lífsleikni sem ákveðna kjölfestu í þeiri menntun. Lýðræði og mannréttindi í menntun krefst heildrænnar nálgunar og tekur allt í senn til þekkingar, leikni, hæfni og viðhorfa. Allt skólastarf þarf að endurspeglar þessi markmið og gildi.

Þótt grunnþættirnir fimm – lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, læsi, menntun til sjálfbærni og skapandi starf – séu settir fram sem einstakir þættir er gert ráð fyrir að þeir tengist innbyrðis í menntun og skólastarfi. Í reynd eru þeir allir nátengdir og innbyrðis háðir. Lýðræði og jafnrétti eru nátengd hugtök sem hluti af mannréttindum og ekki er hægt að hugsa sér virkt lýðræði án jafnréttis. Menntun til sjálfbærni tekur til allra þáttanna fimm. Sjálfbærni snýst ekki einungis um umhverfið heldur einnig um ábyrgð, virðingu og lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti gagnvart komandi kynslóðum. Skapandi skólastarf er ekki einungis bundið við listkennslu heldur á það við sem skapandi þáttur almennt í allri menntun. Læsi í víðum skilningi höfðar til þess að hver einstaklingur hafi hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt á gagnrýnnin hátt. Í því samhengi má t.d. nefna fjölmiðlalæsi, fjármálalæsi, stjórnmálalæsi og hæfni til að vera læs á umhverfið, náttúruna, samfélagið.

## Markmið

Í markmiðssetningu um lýðræði og mannréttindi í skólastarfi þarf að taka mið af því að raddir hvers og eins heyrist, að það sé hlustað á þær af virðingu og að mið sé tekið af þeim við tilhögun skólastarfsins. Það að geta höndlað óhjákvæmileg átök og ágreining, sem er grunnur lýðræðislegs samfélags, er því mikilvægur liður í menntun barna og ungmenna.

Markmið um lýðræði og mannréttindi í skólastarfi þurfa að taka til alls skólasamfélagsins, nemenda, foreldra og kennara og annars starfsfólk. Markmiðin ná jafnt til þess sem gerist í hefðbundinni og óhefðbundinni kennslu og þess sem gerist í lífi nemandans þess utan. Inntak slíkra markmiða tekur til þekkingar, leikni, hæfni og viðhorfa sem tengjast m.a. félagsþroska nemenda, tilfinningaþroska þeirra og siðferðisþroska.

Lýðræði og mannréttindi í skólastarfi stuðlar að því að nemendur verði virkir þátttakendur í lýðræðislegu og síbreytilegu samfélagi. Samskiptahæfni, samvinna, gagnrýnin hugsun og skilningur á uppbyggingu lýðræðislegs þjóðfélags er meðal þeirra þátta sem nemendur þurfa að tileinka sér.

Gildi eru grunnur skoðana okkar og afstöðu til lífsins og þau endurspeglast í samskiptum okkar og athöfnum, siðferðiskennd og borgaravitund. Að baki markmiðum um lýðræði og mannréttindi liggja margvísleg gildi. Virðing og viðurkenning á manngildi hvers og eins eru grundvöllur þeirra.

## Áætlun um leiðir

Hver skóli þarf að gera sér áætlun um hvernig unnið er að markmiðum um grunnþætti í menntun og samþættingu þeirra. Þverfagleg vinna innan skólans er mikilvæg leið til að ná þessum markmiðum.

Lagt er til að í aðalnámskrá komi fram tilmæli um að hver skóli geri framkvæmdaáætlun um lýðræði og mannréttindi og samþættingu þeirra við grunnþættina fimm. Í slíkri áætlun þarf að taka afstöðu til eftirfarandi spurninga:

- Hvernig er unnið með lýðræði og mannréttindi í skólanum?
- Ná hæfni- og færnimarkmið til allra nemenda skólans?
- Er skýr áætlun um leiðir að settum markmiðum?
- Hverjir koma að verkefninu?
- Hvaða aðföng eru nauðsynleg?
- Er tímarammi fyrir verkefnið?
- Hvernig á að meta árangur af starfinu?
- Hvaða fjármagn þarf til?

Mikilvægt er að áætlunin sé hugmyndagefandi og skapandi og unnið sé efir henni á reglubundinn, skipulagðan og kerfisbundinn hátt. Allt skólasamfélagið ætti að vera virkt í gerð og framkvæmd áætlunarinnar.

## Stuðningur

Til greina kemur að menntamálaráðuneytið leggi á einhvern hátt drög að útgáfu þemahefta um grunnþætti í menntun. Einnig að fram fari kynning á málþingi og/eða ráðstefnu.

### Heimildir og frekara lesefni:

Dewey, John (2000). *Reynsla og menntun*. Reykjavík: Rannsóknastofnun Kennaraháskóla Íslands. Menntamálaráðuneyti.

Ólafur Páll Jónsson (2008). „Skóli og menntastefna“. *Hugur: Tímarit um heimspeki*, 19. árg., 2007, 94–109.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.

Vefsíða Evrópuráðsins. [http://www.coe.int/t/dg4/education/edc/default\\_en.asp](http://www.coe.int/t/dg4/education/edc/default_en.asp)

## Skapandi starf

### Skilgreining<sup>3</sup>

Skapandi starf eða **sköpun** er að móta og miðla, búa til, gera eitthvað nýtt eða öðruvísi en viðkomandi kann eða hefur gert áður. Sköpun er að uppgötva, njóta, sjá (hafa sýn), örva (forvitni, áhuga, ímyndunarafl), leika, virkja innri kraft, skilja, vita, geta. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna en mögulega og framkvæma það. Sköpun einkennist af/byggir á/tengist/fjallar um: forvitni, fjölbreytileika, ástríðu, óvissu, hið óþekkta, vogun (að þora), áræðni, áhættusækni, áskorun, spennu, leit. Glíman við viðfangsefnið og það að finna lausn er umbun sköpunarinnar í sjálfu sér. Sköpun brýtur hefðbundin mynstur, reglur og kerfi. Sköpun krefst þess að spurt sé spurninga, gerðar tilraunir og lært af þeim. Sköpun byggist á hugsun og aðferðum sem opna sífellt nýja möguleika og því skiptir sköpunarferlið, ekki síður máli en afrakstur verksins. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekkta og þar með stækka mengið.

### Hvers vegna er sköpun mikilvægur þáttur í menntun?

- Þjóðfélagsleg nauðsyn (ekki síst á krepputímum). Sköpunin eflir persónueinkenni einstaklings og sérstöðu stofnunar, samfélags og þjóðar.
- Sköpun eflir mannauðinn og eykur lífsgildi.
- Sköpun er tæki til skilnings og þroska, veigamikill þáttur í mótu hins mynduga íslenska borgara.
- Án sköpunar nær einstaklingurinn ekki að þroska persónuleika sinn á heildstæðan hátt og á sínum eigin forsendum.
- Kjarni í allri grunnmenntun er sköpun sem getur tryggt frelsi hugans.
- Brot á mannréttindum að ræna einstaklinginn möguleika á að þroska sköpunarkraft sinn og þá jafnframt hæfileika sína til læsis í viðum skilningi þess orðs, m.a. tilfinningalæsis og myndlæsis.
- Iðnbýtingin leiddi til þess að víða var andinn skilinn frá efninu. Sköpun sem órofa þáttur í allri menntun geginn m.a. því hlutverki að sameina aftur andann og efnið.

### Tengsl við skólastarf

Skapandi skóli er opinn og sveigjanlegur, lýðræðislegur mannræktarskóli sem einkennist af hvatningu, starfsgleði, víðsýni, umburðarlyndi og gagnkvæmri virðingu allra sem þar starfa. Skólinn starfar samkvæmt ákveðnum grunngildum sem eru skýr og öllum leiðarljós í starfi skólans.

Skapandi skólastarf er þar sem

- talið er eðlilegt, sjálfsagt og nauðsynlegt að setja spurningamerki við viðtekna þekkingu, velta við steinum, endurskoða, endurskilgreina, rýna, gera, rökræða, sprengja mörk

<sup>3</sup> Í hópnum voru Guðmundur Oddur Magnússon, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Rannveig Þorkelsdóttir, Jón Hrólfur Sigurjónsson, Kristrún Ísaksdóttir og Rósa Gunnarsdóttir.

- fjölbreytileikinn er í fyrirrúmi
- rými er fyrir óvænta hluti - niðurstaðan er ekki ljós - allt getur gerst
- tekin er áhætta, nemendur og kennarar þora að fara út fyrir rammann
- ákvarðanir og verklag nemenda og kennara helgast af innsæi, tjáningu og sjálfsþekkingu  
nemendur eru meðvitaðir, geta virkjað innsæi sitt, tekið afstöðu, orðað hugmyndir sínar og „yddað“ hugarflug sitt í lifandi samræðum
- nemandinn nálgast námið með eftirvætingu, skilur og tengir á persónulegan hátt
- nemendur læra að trúá á sjálfa sig, hugmyndir sínar og getu og læra að treysta eigin dómgreind
- nemendur þroska með sér færni og viðhorf, áræði og frumkvæði, sköpunarhæfni, ímyndunarafl og verklagni – og vaxa með verkum sínum
- nemendur læra að byggja á fyrri þekkingu og skapa jafnframt nýjan skilning, nýja þekkingu
- kappkostað er að *erta* og virkja öll skilningarárvi og *greindir* manneskjunnar
- nemendur og kennarar eru hvattir til frumkvæðis og tjáningar með fjölbreyttum tjáningarárnum
- nemendur kynnast hinum ýmsu listum, grundvallartækni einstakra listforma, læra að njóta lista, iðka listir, skapa
- nemendur kynnast starfandi listamönnum og öðrum frumkvöðlum og hvernig þeir vinna og hugsa
- nemendur kynnast hugmyndafræði og aðferðum frumkvöðla, hönnuða, uppfiningamanna
- nemendur kynnast menningararfí, þ.m.t. verkmenningsarfí þjóðar og hvernig má þróa þann arf áfram í nútímanum
- nemendur læra að tengja saman listir og handverk
- fagurfræði er í hávegum höfð
- list og sköpun af ýmsum toga er gerð sýnileg með sýningum og hátíðum.

### Tillaga um að skapandi starf verði sköpun í víðari skilningi

Lagt er til að horft verði á grunnmenntun út frá þremur aðgerðum innan allrar menntunar: *miðlun, þjálfun og sköpun*.

**Miðlun:** Stendur fyrir alla þá þekkingu sem miðla þarf milli einstaklinga í menntun. Hér kemur læsi í víðustum skilningi inn, tjáning og skilningur (sjá kafla um læsi). Ekki má gleyma að miðlunin þarf að vera á alla vegu, til og frá öllum þáttum samfélagsins sem stuðlar að menntun, þar með talið nemendanna sjálfra.

**Þjálfun:** Stendur fyrir alla þá þjálfun sem einstaklingur þarf til að tileinka sér, þá færni og leikni sem hann þarfnað og kýs að tileinka sér. Fjölbreytileiki og sveigjanleiki í kennsluháttum og starfi, sem stækkar og eflir reynsluheim einstaklinga sem þátttakenda, einkennir skapandi skólastarf.

**Sköpun:** Stendur fyrir þá möguleika sem einstaklingar þurfa til að geta mótað sér meðvitaðar skoðanir og viðhorf til atriða eins og lýðræði, sjálfbærni og jafnrétti og sveigjanleika til að geta beitt

þessum hugtökum í eigin lífi. Sköpun stendur einnig fyrir sjálfssákvörðunarrétt einstaklinga, sérkenni og þá innri hvatningu sem þeir finna í eigin lífi. Frelsi til tjáskipta með tilstuðlan mismunandi táknerfa og tungumála, kjarkur til að láta rödd sína heyrast.

## Jafnréttismenntun

### Skilgreining<sup>4</sup>

Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna greiningu á valdakerfum og viðteknum hugmyndum samfélagsins í því augnamiði að kenna börnum og unglungum að greina þau valdatengsl sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroksast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína, lífa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis. Markmið jafnréttismenntunar er einnig að allir séu virkir þáttakendur í því að skapa samfélag jöfnuðar, jafnréttis og réttlætis. Jafnréttismenntun vísar í senn til inntaks kennslu, kennsluháttu og námsumhverfis.

Jafnrétti er regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Hér á eftir er upptalning nokkurra í stafrófsröð: aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, þjóðerni. Á öllum skólastigum þarf að fara fram menntun til jafnréttis þar sem fjallað er um hvernig ofangreindir þættir geta skapað mismunun eða forréttindi í lífi fólks. Jafnframt er mikilvægt að draga fram að ýmsir búa við margþætta mismunun sem byggir á samtvinnun fleiri þátta (til dæmis kyn og fötlun, kynhneigð og þjóðerni, aldur og búseta).

### Dæmi um viðfangsefni sem fjalla má um eftir þörfum og hentugleika á öllum skólastigum

**Kyn, kynhneigð:** Viðteknar hugmyndir um karlmennsku og kvenleika. Kvenfrelsi og saga jafnréttisbaráttunar, kynjuð valdakerfi. Menntun, námsval, vinnumarkaður, áhrifastöður og laun. Konur og karlar á heimilum, lífsstíll og neysla, kynbundið ofbeldi, umfjöllun um kynin í fjöldum. Félagsleg mismunun, staðalmyndir, hið gagnkynhneigða forræði.

**Menning, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð, lífsskoðanir:** Þróun Íslands sem fjölmenningarsamfélags, hnattvæðing, samskipti, viðhorf og lífsskoðanir í fjölmenningarsamfélagi. Tungumál, móðurmál, tvítyngi og fjölyngi, trúarbrögð, trúfrelsi og trúleysi. Menningarleg afstæðishyggja, þjóðhverfa, þjóðernishyggja.

**Fötlun:** Félagslegur skilningur með áherslu á að erfiðleikar fatlaðs fólks eiga ekki síður rætur í umhverfinu en í skerðingu einstaklingsins. Leggja áherslu á margbreytileika fremur en að líta á fötlun sem sjúkdóm eða afbrigðileika. Skóli án aðgreiningar/skóli margbreytileikans.

<sup>4</sup> Í hópnum voru Ragnheiður Bóasdóttir, Jóna Pálsdóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, Hanna Ragnarsdóttir, Rannveig Traustadóttir, Þórður Kristinsson.

**Aldur:** Mismunandi valdastaða og vægi ungra og aldraðra til samanburðar við þá sem eru nær miðjum aldri. Staðalmyndir, einkenni og söguleg þróun mismunandi aldursskeiða (barnæsku, unglingsára, fullorðinsára, ellíára) og ólík merking þessara aldursskeiða á mismunandi tímum og í ólíkum menningarheimum.

**Stétt, búseta:** Aðgengi að samféluginu eftir stétt, búsetu og fjárráðum. Ólík lífsgæði, mismunandi efnahagsleg staða. Í hvaða landshlutum eða hverfum búa þeir efnameiri og þeir efnaminni? Áhrif stéttar og búsetu á heilsu. Náms- og atvinnumöguleikar, aðgengi að valdastöðum í samféluginu. Sveitamenning og borgarmenning.

Dæmi um nýlegar fræðigreinar sem sækja má í hugmyndir og aðferðafræði um jafnréttismál í víðum skilningi eru kynjafræði, hinseginfræði, fötlunarfræði og fjölmenningarfræði. Í þessum greinum er meðal annars fjallað um fólk sem býr yfir einkennum sem eru túlkuð með neikvæðum hætti og valda mismunun og misrétti. Að sama skapi finnast einkenni sem geta leitt til forréttinda.

### Dæmi úr skólastarfi sem mætti taka sér til fyrirmynnar

- Verkefnið „Jafnrétti í skólum“, <http://www.jafnrettiiskolum.is>
- Mentorverkefnið Vinátta, <http://www.vinatta.is/>
- „Lifandi bókasöfn“, <http://www.norden.org/da/publikationer/publikationer/2005-763/>
- Áfangar þar sem sérstaklega er beint sjónum að stöðu jafnréttismála
- Þemavíkur þar sem nemendur hafa skipulagt einhvers konar aðstoð við hjálparstarf eða til vitundarvakningar um jafnréttismál.

**Dæmi** um tengingu við hin hugtökin fjögur í námskránni: *Sjálfbærni* getur aldrei birst í samfélagi misréttis; *læsi* á valdakerfi og staðalmyndir; *skapandi starf* getur bæði staðfest og afbyggt staðalmyndir; *lyðræði* krefst skilnings á mikilvægi þátttöku allra í samféluginu.

### Lagastoðir og ýmsir sáttmálar

Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr.10/2008  
<http://www.althingi.is/lagas/136a/2008010.html>

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (1948)  
<http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/helstu-samningar/sameinudu-thjodirnar/mannrettindayfirlysing-sth/>

Salamanca yfirlýsingin (1994)  
<http://www.menntamalaraduneysi.is/utgefild-efni/utgefin-rit-og-skyrslur/HTMLrit/nr/2137>

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna (1989)  
<http://www.barnasattmali.is/nam/barnasattmalinn/barnasattmalinnstyrttriutgafa.html>

Samningur um réttindi fatlaðs fólks (2007)

<http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/10062009SamningurUmRettindiFatladsFolks.pdf>

## Læsi

### Skilgreining á læsi<sup>5</sup>

Í læsi felst að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla texta í víðum skilningi til að mæta kröfum samfélagsins og einstaklingsins. Með texta er átt við ritmál, myndmál, talmál og önnur kerfi tákna.

### Tungumál og menning

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til boðskipta. Okkar sameiginlega tungumál, íslenska, tengir fólk saman og eflir samkennd þess. Tungumálið er menningararfur og tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð. Kunnátta í erlendum tungumálum og innsýn í menningu annarra þjóða getur lagt grunn að skilningi, virðingu og umburðarlyndi. Hún er ein af forsendum þess að geta átt farsael samskipti og samvinnu við einstaklinga af öðru þjóðerni. Hugtakið menningarlæsi hefur verið skilgreint sem það að öðlast þekkingu á ákveðnum menningarverðmætum og sögulegum staðreyndum til að geta tekið þátt í menningarlífi og stjórmálum þjóðar á upplýstan hátt. Varast skal að velja texta sem eingöngu tengjast svokallaðri hámenningu.

### Tölur og miðlar

Gott talnalæsi er mikilvægt hverjum manni til að takast á við daglegt líf og störf. Læsi á tölur felur aðallega í sér að kunna að lesa úr tölulegum upplýsingum og skilja orðanotkun. Markmið fjölmíðlalæsis er að auka skilning á ólíkum skilaboðum í fjölmíðlum, hvernig fjölmíðlar eru skoðanamyndandi, hvernig þeir skapa menningu og hafa áhrif á val okkar. Fjölmíðlalæsi á að gera notendum kleift að auka gagnrýna hugsun til að geta dregið skynsamlegar ályktanir af skilaboðum í þeim fjölmíðlum sem þeir hafa aðgang að. Enn fremur er það grunnur að virku lýðræði að borgarar hafi aðgang að upplýsingum og geti nýtt sér tjáningarfrelsíð á ábyrgan og gagnrýninn hátt.

### Myndir

Vægi myndefnis og myndmáls í umhverfi okkar er meira en nokkru sinni fyrr. Til skamms tíma var íslenskt samfélag fátækt af myndefni og ef til vill skortir enn nokkuð á skilning á eiginleikum þess og tjáningarmætti. Form, lína, litir, myndbygging og tilvísanir í myndræna hefð eru mikilvægir þættir í miðlun texta. Nauðsynlegt er að efla meðvitund um sérstaka eiginleika myndrænnar tjáningar svo

<sup>5</sup> Í hópnum voru Guðmundur B. Kristmundsson, Ragnheiður Hermannsdóttir, Védís Grönvold, Þorgerður Agla Magnúsdóttir, Erna Árnadóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir.

nemendur hafi þekkingu og skilning sem þeir geta nýtt sér bæði til gagnrýnnar skoðunar og skilnings og til persónulegrar sköpunar.

## Rökstuðningur

### Lagaleg sjónarmið og tengsl við aðrar grunnstoðir

Fimm stoðir hafa verið lagðar til grundvallar fyrir öll skólastigin út frá áherslum í markmiðsgreinum laga. Þær eru læsi í víðum skilningi, lýðræði, jafnrétti, menntun til sjálfbærni og skapandi skólastarf. Þegar skoðuð er markmiðsgrein framhaldsskólans er lögð áhersla á að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi ... efla færni nemenda í íslensku máli, bæði töluðu og rituðu, efla siðferðisvitund, ábyrgðarkennd, víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi nemenda, þjálfa þá í öguðum og sjálfstæðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýnni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja til þekkingarleitar. Þessi markmið eru nánar útfærð og skilgreind í þessum fimm meginstoðum sem þurfa að bera uppi allt skólastarfið.

Þessir lykilþættir tengjast allir innbyrðis og ætlast er til að þeir fléttist inn í allt skólastarf með markvissum hætti. Þeir eru samfélagsmiðaðir í samræmi við markmiðsgrein laga að því leyti að minnt er á það hlutverk skólans að sjá samfélaginu fyrir vel menntuðu fólk, draga úr mismunun og stéttaskiptingu/aðgreiningu og tryggja almenna færni til að taka þátt í lýðræðislegu samfélagi. Þau undirstrika frekar þá sýn sem kemur fram í lögnum að tryggja þurfi að unnið sé bæði að samfélags- og einstaklingsmarkmiðum innan skólakerfisins og þau fléttuð saman við fræðslumarkmið í öllu skólastarfinu.

Lýðræðissamfélag krefst virkni af þáttakendum sínum. Sá sem ekki er virkur á hættu á að missa af þeim samskipta- og samveruháttum sem samfélagið kallað á og hann fer á mis við þá reynslu og þann þroska sem lýðræðislegir samveruhættir gefa kost á. Hver lykilþáttur er hugsaður til að bregðast við þessu. Læsi felur í sér lágmarks þekkingu til virkrar þátttöku. Lýðræði, jafnrétti og menntun til sjálfbærni eru þeir þættir sem snúa að samfélags- og umhverfisvitundinni og skapandi skólastarf felur í sér þá aðferðafræðilegu áherslu að börn læri best í gegnum sköpun og virkni.

Með nýjum lögum um framhaldsskóla frá 2008 hefur val nemenda og ábyrgð einstakra skóla aukist til muna og því er enn mikilvægara en áður að skólar finni þessum lykilþáttum skýran stað í mótu skólastarfsins. Námsframboð þarf að vera skilgreint innan þessara marka sem hér eru sett fram um réttlátt, jafnréttissinnað og upplýst skolasamfélag.

Læsi er lykillinn að því að nemendur geti þroskað þekkingu sína og hæfileika til að vera gagnrýnir og virkir þegnar í lýðræðisþjóðfélagi. Markviss þjálfun í meðferð okkar sameiginlega tákniðils, íslenskunnar, er lykilforsenda til að öðlast slíka hæfni.

### Söguleg og samtímaleg sjónarmið

Mikilvægt er að skilgreining á læsi sé skýr og nysamleg. Hún má hvorki vera of þróng né svo yfirgripsmikil að hún dugi ekki sem verkfæri í þeirri vinnu, þróun og uppeldi sem nauðsynleg er fyrir einstakling og samfélag.

Meðan læsishugtakið var skilgreint sem skilningur á ritmálstáknum var það fyrst og fremst notað af lestrarfræðingum og kennurum ungra barna. Með breyttum og víðari skilningi á hugtakinu er nauðsynlegt að nálgast það á breiðari forsendum og á þverfaglegan hátt. Samt sem áður mun sjálf lestrarnámið alltaf skipa veigamikinn sess og vera grundvallarforsenda í öllu skólanámi. Því er nauðsynlegt að kennrar á öllum skólastigum hafi þekkingu á þessum mikilvæga þætti og þekki þann þróunarferil sem hefst með málþöku ungra barna og eflingu hljóð- og málvitundarog lýkur ekki fyrr en einstaklingurinn er virkur og gagnrýnnin lesandi.

Á undanförnum áratug hefur mjög færst í vöxt að víkka læsishugtakið þannig að það taki til fleiri þátta en áður var. Upphaflega var einungis átt við ritað mál og færnin fólst í því að geta lesið mismunandi texta, skilið hann og auðgað þekkingu sína með lestrinum. Í seinni tíð hefur framsetning texta breyst með nýjum birtingarmáta á tölvum og með öðrum rafrænum hætti. Myndir af margvíslegu tagi, hreyfing og hljóð samtvinnast við hið talaða og ritaða orð. Þetta þýðir að textahugtakið hefur verið að breytast og það kallað á breytingu á skilgreiningu á læsishugtakinu.

Nú er farið að kalla ýmislegt læsi sem ekki tengist ritmálstexta með beinum hætti. Áherslan er þá á skilning á viðkomandi fyrirbæri fremur en læsi í þeirri merkingu sem áður tíðkaðist. Í læsi felst því að skynja og skilja texta í víðri merkingu. Viðkomandi nýtir þekkingu sína, reynslu og mál til þess að bera hið nýfengna við það sem hann eða hún hefur þegar öðlast. Þessi aðgerð leiðir til skilnings og túlkunar á því efni sem um ræðir.

Þótt unnt sé að skilgreina mismunandi hliðar læsis sem hver hefur sína sérstöku eiginleika eru þær alltaf samofnar að meira eða minna leyti. Í bókmenntaverkum má til dæmis finna upplýsingar þótt ekki sé höfuðtilgangur textans að miðla staðreyndum; myndmál og ritmál sameinast í myndskreyttum texta; myndmál, látbragð og talað mál eru allt þættir sjónvarpsefnis sem að auki er hluti af fjölmíðlaumhverfi og ber að lesa og skilgreina út frá því. Það er því nauðsyn að efla skilning á hvoru tveggja: sérstökum eigindum hvers táknkerfis og hvernig þau fléttast saman og mynda heildir.

Hröð og mikil þróun í upplýsingatækni hefur margfaldað aðgang að hvers kyns efni til lestrar og skoðunar. Þetta gerir enn strangari kröfur til læsis. Prentað mál er yfirleitt lesið yfir og gaumgæft áður en til útgáfu kemur en hver sem er getur sett efni á netið án yfirlestrar eða samþykkis. Lesandi verður því að vera gagnrýnnin og fær um að meta gæði efnisins og hvort og hvernig það getur gagnast honum. Gagnrýnin hugsun á alltaf við og er nauðsynlegur þáttur í uppeldi til læsis en aldrei hefur þó verið meiri þörf á henni en nú.

Meginmarkmið læsis er að nemar séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Texti eða annað birtingarform upplýsinga er efniviður í þekkingu sem nýtist ekki einungis einstaklingnum heldur einnig samfélagini öllu. Forsenda þess að svo verði er að hver og einn sé ekki einungis fær um að tileinka sér þekkingu, heldur einnig að miðla henni til annarra og þekki leiðir sem henta til þess. Hver einstaklingur þarf að læra að gera kröfur fyrir sjálfan sig, gera sér grein fyrir þeim þörfum sem hann hefur fyrir efni sem er honum sjálfum til gagns og gleði. Samfélagið gerir einnig kröfur um læsi þegnanna og ber ábyrgð á að því sé sinnt.

Meðan skólasamfélagið einblíndi á hina tæknilegu hlið lestrarnámsins var eðlilegt að álíta að nægilegt væri að mæla lestrarhraða og nákvæmni til að fá mynd af stöðu nemandans. Slíkar mælingar segja þó fátt um skilning og enn minna um áhuga, innlifun eða gagnrýna skoðun. Ný skilgreining á læsi hlýtur að kalla á annars konar mat og víðtækara en hingað til hefur tíðkast í skólum.

Ung börn læra að lesa en þegar þau eldast þarf lestrarnámið að beinast að því að kenna og þjálfa þá í að lesa til að læra. Lestarnám í lok leikskóla og upphafi grunnskóla beinist að því að nemandinn nái sem fyrst þeirri færni að geta lesið reiprennandi. Gæta þarf vel að því að saman fari hin tæknilega hlið lestrar og skilningur. Þetta tvennt á námsmat í lestri að endurspeglar. Þá verður að huga rækilega að formlegri kennslu og þjálfun í ritun. Sá mikilvægi þáttur hefur oft orðið útundan þegar fengist er við læsi.